

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/877****2024/EES/83/12****frá 21. mars 2024****um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykki fyrir þeirri stöðu Tékklands að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé óveruleg (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömnunar (⁽¹⁾), einkum fyrsta lið í lið 2.2 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður þýtt sem „smitandi heilahrömnunarsjúkdómar“] í nautgripum, sauðfé og geitum. Í l. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar er m.a. kveðið á um að setning á markað eða, ef þörf krefur, útflutningur nautgripa, sauðfjár eða geita, þ.m.t. sæði, fósturvísar og egg þeirra, sé háð skilyrðum sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er m.a. mælt fyrir um þau skilyrði sem gilda um setningu sauðfjár og geita og sæði þeirra og fósturvísa á markað. Í lið 2.1 í þeim þætti er kveðið á um að ef aðildarríki telur að óveruleg áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé fyrir hendi á yfirráðasvæði þess eða hluta yfirráðasvæðis þess skuli það leggja videigandi fylgiskjöl fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í þeim lið, séu uppfylltar. Í lið 2.2 í þeim þætti er að auki kveðið á um að framkvæmdastjórninni sé heimilt að samþykkja þá stöðu aðildarríkisins eða svæðis aðildarríkisins að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé óveruleg. Í lið 2.3 í þeim þætti eru talin upp þau aðildarríki þar sem sú staða að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé óveruleg hefur verið samþykkt.
- 3) Hinn 22. maí 2022 lagði Tékkland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um að fá viðurkenningu á þeirri stöðu að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki væri óveruleg. Hinn 25. janúar 2023 fór framkvæmdastjórnin fram á vísindalega og tæknilega aðstoð Matvælaöryggisstofnunar Evrópu við mat á því hvort viðkomandi aðildarríki sýndi fram á í umsókn sinni að það uppfyllti ákvæði c-liðar í lið 2.1 og lið 2.2 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 4) Hinn 24. október 2023 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindaskýrslu (⁽²⁾) sem svar við beiðni framkvæmdastjórnarinnar (hér á eftir nefnd „skýrsla Matvælaöryggisstofnunar Evrópu“). Í skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu er komist að þeirri niðurstöðu, á grundvelli prófunarnæmi sem fékkst með fyrri mötum á skimunargreiningarprófunum, sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Viðmiðunarefna- og mælingastofnun Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar framkvæmdu, að Tékkland hafi sýnt fram á að það hafi uppfyllt ákvæði c-liðar í lið 2.1 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 fyrir hvert og eitt undanfarandi sjö ára.
- 5) Í skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu er einnig komist að þeirri niðurstöðu, á grundvelli prófunarnæmis sem fékkst með fyrri mötum á skimunargreiningarprófunum, sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Viðmiðunarefna- og mælingastofnun Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar framkvæmdu, að fyrirætlanir Tékklands, sem varða eftirlit með dæmigerðri riðuveiki í framtíðinni, væru í samræmi við lið 2.2 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 6) Að teknu tilliti til skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og jákvæðrar niðurstöðu úr mati framkvæmdastjórnarinnar á þessari umsókn, að því er varðar hinar viðmiðanirnar, sem settar eru fram í lið 2.1 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, ætti að skrá Tékkland sem aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg.
- 7) Því ætti að breyta lið 2.3 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að bæta Tékklandi á skrána yfir aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/877, 22.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2001/999/oj>.

(2) <https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/8335>.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað liðar 2.3 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 kemur eftirfarandi:

„2.3. Aðildarríki eða svæði í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eru eftirfarandi:

- Austurríki
 - Tékkland
 - Finnland
 - Svíþjóð.“
-